

Fundargerð (35)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams þriðjudaginn 18. maí 2021, kl. 14.00.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Maríanna Helgadóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir (kom seint)
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Aldís Magnúsdóttir og Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Rakel Guðmundsdóttir
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Kristín Ösp Jónsdóttir
Verkefnisstjórn: Sigríður Sesselja Sæmundsdóttir, Bergþór Haukdal Jónsson og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams.

- 1. Fundargerð 34. fundar** samþykkt.
- 2. Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar.
- 3. Yfirferð uppfærðs stýriskjals.** Helga fór yfir breytingar á stýriskjalinu sem gerðar eru vegna kaflaskilanna þegar innleiðingu lauk og eftirfylgni tók við.
- 4. Vaktahvati og jöfnun vinnuskila.** Bára Hildur fór yfir og kynnti leiðbeiningar sem unnar hafa verið í samstarfi milli verkefnisstjóra og fulltrúa launafólks og launagreiðenda. Samþykkt að leiðbeiningarnar verði kynntar á næstu fundum verkefnisstjórnar með launafólki og launagreiðendum.
- 5. Lykilmælikvarðar matshóps og áherslur.** Fyrir lágu á Teams minnisblöð frá launagreiðendum í stýrihópnum um hvernig áformað er að skila matshópi nauðsynlegum gögnum. Samkvæmt fskj. II eru samningsaðilar skuldbundnir til að afla þeirra svo matshópur geti sinnt sínu hlutverki. Ræddar tillögur Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu um að skila gögnum frá tilteknum fyrirækjum í fyrsta áfanga meðan unnið yrði að útfærslu hjá minni fyrirækjunum. Samband ísl. sveitarfélaga lagði til að gagna yrði aflað frá 10 sveitarfélögum þ.m.t. öllum þeim stærstu. Hugmynd um að undanskilja tiltekningu sveitarfélög skilum á nauðsynlegum gögnum var hafnað af launafólki. Matshópurinn mun ásamt verkefnisstjórn fá sér færðing til ráðgjafar í næstu skrefum, m.a. til að leggja mat á í hvaða formi nauðsynlegt er að afla gagna og grunnupplýsinga frá launagreiðendum og að hvaða marki frekari úrvinnsla geti verið hjá matshópnum t.d. út frá breytingum á stöðugildum og kjarasamningsbundnum

hækkunum. Þá verður skapalón fyrir skýrslugerð matshóps fínþússað í samstarfi við verkefnisstjóra til að geta skilað greinargóðum skýrslum um þróun verkefnisins til stýrihóps.

6. Önnur mál. Næsti fundur ákveðinn þriðjudag 25. maí kl. 14-15.30

Fundi slitið kl. 15.27. Fundargerð er aðgengileg á Teams.